

Garðabær
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 29. apríl 2021
UST202104-330/I.M.B.
09.03

Beiðni um tilnefningu fulltrúa í samstarfshóp vegna undirbúnings friðlýsingar Bessastaðaness

Með erindi, þann 12. apríl 2021, óskaði forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, eftir því við umhverfis- og auðlindaráðherra að hafinn verði undirbúningur að friðlýsingu Bessastaðaness. Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsinga skv. 39. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og á grundvelli þess ákvæðis hefur erindi forseta Íslands verið vísaði til Umhverfisstofnunar til vinnslu.

Bessastaðanes er hluti þess svæðis sem skráð er sem Álfanes – Skerjafjörður á náttúruverndaráætlun 2004-2008 vegna fuglalífs. Bessastaðanes er lítt raskað og afar mikilvægt fyrir mófugla á Álfanesi. Jafnframt er Bessastaðatjörn mikilvægt búsvæði fjölda fuglategunda. Verndargildi vistgerða á nesinu er hátt til mjög hátt. Á nesinu vaxa jafnframt plöntur á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands s.s. giljaflækja (*Vicia sepium*) sem er metin í nokkurri hættu. Villilaukur sem er friðlýst tegund hefur einnig fundist á nesinu. Innan svæðisins vaxa einnig marhálmur sem er mikilvæg fæða fugla m.a. margæsa, gullkollur og kattarjurt sem eru sjaldgæfar plöntur sem hafa takmarkaða útbreiðslu á landsvísu.

Umhverfisstofnun vinnur nú að því að hefja undirbúning að friðlýsingu Bessastaðaness og óskar af því tilefni eftir því að Garðabær tilnefni fyrir sitt leyti 1-2 fulltrúa í samstarfshóp sem mun vinna að undirbúningi friðlýsingar svæðisins.

Hlutverk fulltrúa í samstarfshóp er fyrst og fremst að vinna að undirbúningi verkefnisins og miðla upplýsingum milli hópsins og Garðabæjar.

Óskað er eftir því að tilnefning berist fyrir þriðjudaginn 11. maí n.k.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, sérfræðingur, ingibjorgb@ust.is, með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur